

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 5/2020**2023/EES/13/05****frá 7. febrúar 2020****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka**
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1981 frá 28. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 að því er varðar skrár yfir þriðju lönd og svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn snigla, gelatín og kollagen og skordýr, sem eru ætluð til manneldis, til Evrópusambandsins ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2007 frá 18. nóvember 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skrár yfir dýr, afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir og hey og hálm sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2128 frá 12. nóvember 2019 um að koma á fyrirmynd að opinberu vottorði ásamt reglum um útgáfu opinberra vottorða fyrir vörur sem eru afhentar til skipa sem fara frá Sambandinu og eru ætlaðar sem birgðir skips eða til neyslu fyrir áhöfn og farþega eða fyrir Atlantshafsbandalagið eða herstöðvar Bandaríkjanna ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2129 frá 25. nóvember 2019 um að koma á reglum um samræmda beitingu að því er varðar tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi tiltekinna sendinga af dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130 frá 25. nóvember 2019 um að koma á ítarlegum reglum um þá starfsemi sem á að fara fram á meðan og á eftir sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi dýra og vara sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2098 frá 28. nóvember 2019 dýraheilbrigðiskröfur til bráðabirgða vegna sendinga af afurðum úr dýraríkinu til manneldis sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning ⁽⁶⁾.
- 7) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2129 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB ⁽⁷⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 8) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2130 fellir úr gildi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 136/2004 ⁽⁸⁾ og (ESB) nr. 282/2004 ⁽⁹⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr EES-samningnum.

⁽¹⁾ Stjútð. ESB L 308, 29.11.2019, bls. 72.⁽²⁾ Stjútð. ESB L 312, 3.12.2019, bls. 1.⁽³⁾ Stjútð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 114.⁽⁴⁾ Stjútð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 122.⁽⁵⁾ Stjútð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 128.⁽⁶⁾ Stjútð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 111.⁽⁷⁾ Stjútð. EB L 158, 25.6.1994, bls. 41.⁽⁸⁾ Stjútð. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11.⁽⁹⁾ Stjútð. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 11.

- 9) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um plöntuheilbrigði. Löggjöf um plöntuheilbrigði fellur utan við gildissvið EES-samningsins og ákvæði sem varða plöntuheilbrigði gilda því ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- 10) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið ákvæðum sem varða lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 11) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 12) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 11bj (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/626) í hluta 1.1 í I. kafla og 31qj (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/626) í II. kafla:
„, breytt með:
– **32019 R 1981:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1981 frá 28. nóvember 2019 (Stjtið. ESB L 308, 29.11.2019, bls. 72).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 137. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/ESB) í hluta 1.2 í I. kafla:
„– **32019 R 2007:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2007 frá 18. nóvember 2019 (Stjtið. ESB L 312, 3.12.2019, bls. 1).“
3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 11bn (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1873) í hluta 1.1 í I. kafla:
„11bo. **32019 R 2007:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2007 frá 18. nóvember 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skrár yfir dýr, afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir og hey og hálm sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB (Stjtið. ESB L 312, 3.12.2019, bls. 1).
11bp. **32019 D 2098:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2098 frá 28. nóvember 2019 um dýraheilbrigðiskröfur til bráðabirgða vegna sendinga af afurðum úr dýraríkinu til manneðis sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 111).
11bq. **32019 R 2128:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2128 frá 12. nóvember 2019 um að koma á fyrirmynd að opinberu vottorði ásamt reglum um útgáfu opinberra vottorða fyrir vörur sem eru afhentar til skipa sem fara frá Sambandinu og eru ætlaðar sem birgðir skips eða til neyslu fyrir áhöfn og farþega eða fyrir Atlants-hafsbandalagið eða herstöðvar Bandaríkjanna (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 114).
11br. **32019 R 2129:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2129 frá 25. nóvember 2019 um að koma á reglum um samræmda beitingu að því er varðar tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi tiltekinna sendinga af dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 122).

- 11bs. **32019 R 2130**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130 frá 25. nóvember 2019 um að koma á ítarlegum reglum um þá starfsemi sem á að fara fram á meðan og á eftir sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi dýra og vara sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 128).“
4. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31qn (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1873) í II. kafla:
- „31qo. **32019 R 2007**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2007 frá 18. nóvember 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skrár yfir dýr, afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir og hey og hálm sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB (Stjtið. ESB L 312, 3.12.2019, bls. 1).
- 31qp. **32019 D 2098**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2098 frá 28. nóvember 2019 um dýraheilbrigðiskröfur til bráðabirgða vegna sendinga af afurðum úr dýraríkinu til manneðis sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 111).
- 31qq. **32019 R 2128**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2128 frá 12. nóvember 2019 um að koma á fyrirmynd að opinberu vottorði ásamt reglum um útgáfu opinberra vottorða fyrir vörur sem eru afhentar til skipa sem fara frá Sambandinu og eru ætlaðar sem birgðir skips eða til neyslu fyrir áhöfn og farþega eða fyrir Atlantshafsbandalagið eða herstöðvar Bandaríkjanna (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 114).
- 31qr. **32019 R 2129**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2129 frá 25. nóvember 2019 um að koma á reglum um samræmda beitingu að því er varðar tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi tiltekinna sendinga af dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 122).
- 31qs. **32019 R 2130**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130 frá 25. nóvember 2019 um að koma á ítarlegum reglum um þá starfsemi sem á að fara fram á meðan og á eftir sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi dýra og vara sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 128).“
5. Texti 25. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB), 115. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004) og 117. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2004) í hluta 1.2 í I. kafla fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 164n (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1873) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „164o. **32019 R 2007**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2007 frá 18. nóvember 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skrár yfir dýr, afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir og hey og hálm sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB (Stjtið. ESB L 312, 3.12.2019, bls. 1).
- 164p. **32019 D 2098**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2098 frá 28. nóvember 2019 um dýraheilbrigðiskröfur til bráðabirgða vegna sendinga af afurðum úr dýraríkinu til manneðis sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 111).
- 164q. **32019 R 2128**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2128 frá 12. nóvember 2019 um að koma á fyrirmynd að opinberu vottorði ásamt reglum um útgáfu opinberra vottorða fyrir vörur sem eru afhentar til skipa sem fara frá Sambandinu og eru ætlaðar sem birgðir skips eða til neyslu fyrir áhöfn og farþega eða fyrir Atlantshafsbandalagið eða herstöðvar Bandaríkjanna (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 114).

- 164r. **32019 R 2129:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2129 frá 25. nóvember 2019 um að koma á reglum um samræmda beitingu að því er varðar tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi tiltekinna sendinga af dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins (Stjútíð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 122).
- 164s. **32019 R 2130:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130 frá 25. nóvember 2019 um að koma á ítarlegum reglum um þá starfsemi sem á að fara fram á meðan og á eftir sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi dýra og vara sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjútíð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 128).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/1981, (ESB) 2019/2007, (ESB) 2019/2128, (ESB) 2019/2129, (ESB) 2019/2130 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2019/2098, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2019 frá 27. september 2019 ⁽¹⁰⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽¹⁰⁾ Stjútíð. ESB L 4, 5.1.2023, bls. 11 og EES-viðbætur nr. 3, 5.1.2023, bls. 15.